

2001040057

4100; 9310

Náttúrustofa Vestfjarða
Þorleifur Eiriksson
Aðalstræti 21
415 BOLUNGARVÍK

Reykjavík, 4. september 2001
/--

Efni: Snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Bolungarvíkurkaupstaðar að matsáætlun um snjóflóðavarnir í Bolungarvík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 5. júlí 2001 tillaga sveitarfélagsins að matsáætlun:

Bolungarvíkurkaupstaður. Snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Tillaga að matsáætlun. Náttúrustofa Vestfjarða, júlí 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar, Byggðastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Náttúruverndar ríkisins, Veðurstofu Íslands, Þjóðminjasafns Íslands.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum:
Bolungarvíkurkaupstað með bréfi dags. 25. júlí 2001, Byggðastofnun með bréfi dags. 17. júlí 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 25. júlí 2001, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 24. júlí 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 26. júlí 2001. Ekki barst umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Ein athugasemd barst á kynningartíma frá Þóru Guðbjörgu Hallsdóttur með tölvupósti dags. 23. júlí 2001. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 29. ágúst 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemendum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun.

Auk þess er vakin athygli á nokkrum leiðréttингum á meðfylgjandi minnisblaði.

Auglýsa þarf breytingu á Aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 og gera þarf deiliskipulag af svæðinu. Hægt er að auglýsa samtímis mat á umhverfisáhrifum, tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu. Byggingarleyfi þarf til að rífa húsin og framkvæmdaleyfi til efnistöku og lagnar snjóflóðamannvirkja.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit :

Bolungarvíkurkaupstaður, Byggðastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Náttúruvernd ríkisins, Veðurstofa Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Þóra Guðbjörg Hallsdóttir.